Sþ. **82. Tillaga til þingsályktunar** [58. mál]

um innflutning raftækja til heimilisnota o. fl.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að framvegis verði flutt til landsins, eftir því sem frekast er unnt, algengustu raftæki til heimilisnota, svo sem rafmagnseldavélar, ofnar, ljósatæki, þvottavélar o. s. frv.

Jafnframt er skorað á ríkisstjórnina að sjá svo um, að nægilega mikið af raforkuvörum til orkuveitna og rafleiðslna til heimila verði fluttar til landsins.